



Til grunnskóla, sveitarfélaga og
skólaþjónustu sveitarfélaga

Dagsetning 13. mars 2025
Málsnúmer MRN25010111

Fyrirlögn PISA 2025

Með bréfi þessu vill mennta- og barnamálaráðuneyti þakka fyrir góða samvinnu við grunnskóla og tengiliði við undirbúning fyrirlagnar PISA 2025 og óska eftir áframhaldandi góðu samstarfi við nemendur, starfsfólk grunnskóla, sveitarfélög og skólaþjónustu sveitarfélaga um þátttöku í PISA rannsókninni nú við upphaf fyrirlagningartímabilsins.

Mikilvægt er að nálgast alla þætti PISA rannsóknarinnar með jákvæðu hugarfari og miklu skiptir að svigrúm sé skapað fyrir starfsfólk skóla og nemendur þegar verkefni eru leyst og spurningalistum svarað á meðan fyrirlögn stendur. PISA er alþjóðleg rannsókn á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem mælir lesskilning 15 ára nemenda og læsi þeirra á stærðfræði og náttúruvísindi á þriggja ára fresti. Einnig fylgja ýmsir spurningalistar með PISA rannsókninni sem gefa mikilvægar upplýsingar. PISA rannsóknin sem nær til um 90 þjóða er eina alþjóðlega samanburðarrannsóknin á stöðu menntakerfisins sem fram fer hér á landi.

Markmiðið er að kanna hvort nemendur við lok skyldunáms hafi öðlast þá þekkingu og færni sem gerir þeim kleift að taka virkan þátt í samfélaginu og stuðla að farsælli áframhaldandi skólagöngu. Stuðst er við efni sem finna má í aðalnámskrám um allan heim og leggur PISA sérstaka áherslu á að meta hvort nemendur geti yfirfært það sem þeir læra í skóla yfir á ný verkefni og nýjar aðstæður. Í þessari fyrirlögn eru náttúruvísindi í forgrunni og leysa nemendur ný verkefni á því sviði. Meðal áherslna er að meta færni nemenda til að kynna sér vísindalegar upplýsingar, meta þær og nýta sér þær til að taka ákvarðanir.

Auk þess að veita áreiðanlegar upplýsingar um þekkingu og færni nemenda á tilteknum sviðum náms, veitir PISA afar mikilvægar upplýsingar um viðhorf skólastjórnenda og kennara til skólastarfsins, aðstæður í skólum og viðhorf nemenda, áhuga og venjur tengdum námi. Það er mikilvægt fyrir fræðslufyrirvöld að geta tekið mið af þessum upplýsingum við framkvæmd og þróun skólastarfs til að stuðla að farsælli menntun og velferð nemenda.

Minnt er á að góð þátttaka í PISA skiptir miklu til að tryggja það að niðurstöður PISA endurspegli stöðu nemenda á Íslandi. Er því lögð áhersla á að grunnskólar og skólaþjónustur sveitarfélaga hvetji alla nemendur til að taka virkan þátt og leggja sig fram um að gera sitt besta.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir
mennta- og barnamálaráðherra